


Menning


Menning

Menning

Menning



28



27

No. 27. Hvít-svört tenning og no. 28. Svört-hvít tenning, 1978. Ull.

Ofin abstraktion

Um þessar mundir stendur yfir í Listasafni alþýðu yfirlitssýning á vefnaði Ásgerðar Búadóttur. Á sýningunni eru samtals 38 verk sem lýsa vel myndferli listakonunnar. Sýningin er opin til 1. nóvember 1981.


Geometrisk list

Þegar lítið er á elstu myndverk sýningarinnar kemur fljótt í ljós nálægð þeirra við samtíma geometrisk málverk. Þetta eru gjarnan lóðréttar og láréttar breiðlínur eða

inn, sem verður eins konar bergmál innri formeinda. Dúkurinn er nú orðinn virkur hluti af formgerðinni. Á sama tíma missir verkið flatarverkun fyrri dúka og fram er komin þriðja viddin sem á eftir að verða afgerandi í listsköpun Ásgerðar.

En Ásgerður vill „virða eðli vefsins“. Og í verkinu „Ís og eldur“ 1975–76 (no. 22) er höfuðáhersla lögð á að beisla flæðið með stranggeometriskri myndbyggingu. Þannig er komin fram sú togstreita sem á eftir að einkenna síðustu myndverk hennar. Þessi togstreita er í rauninni tvíþætt. Annars vegar gerist hún á fletinum milli flæði-forma og geometriskra forma og hins vegar í rýminu milli hrosshársins og flatarins. Það er eftirtektarvert í þessu verki (sem og í öðrum) hvernig listakonan nær að sameina í eitt og sama formið: viddarkennd hrosshársins og flatarverkun þríhyrningsins, með því að tefla saman formgerð og efnisverkun.

Í verkinu „Svört-hvít tenning“ 1978 (no. 28) sjáum við tilraunir með snúna renninga sem hugmynd í enn nýja hreyfingu í myndverkið. En þetta eru aðeins tilraunir sem listakonan á eftir að þroska í síðari verkum, eins og „Bláin“ 1981 (no. 37). Hér er enn um að ræða fyrri togstreitu, sem þó nær meira jafnvægi í



No. 18. Bergmál, 1974. Ull (indigólítuð) og hrosshár.

form sem skerast á fletinum. Frumhugsunin virðist sú að undirstrika tvíviddargildi vefsins. Efniskennd hans kemur lítt fram í þessum verkum sem vega salt milli vefnaðar og málverks.

Þá er athyglisvert hve snemma náttúruáhrifa gætir í verkum Ásgerðar. Lauf og tré skína í gegnum stranggeometriskri myndbyggingu og það er sem hún vilji persónugera hinn geometrisk formheim.


Ný tjáning

Það er 1974 sem eiga sér stað mikil þáttaskil í formhugsun listakonunnar. Hún innleiðir nú bylgjuform, sem flæða um myndflötinn, án þess þó að brjóta upp geometriskri myndbyggingu verksins. Myndin „Bergmál“ (no. 18) 1974 lýsir vel þessu umbroti. Hér eru það slönguform með sterki línuáherslu, sem liðast hægt yfir myndflötinn. Hreyfigildi línunnar er síðan undirstrikað með mismunandi litablá í hinu bláa flæði. Hreyfingin er orðin lykilhugtak. Og í formrannsóknunum frá sama ári gengur Ásgerður enn lengra og brýtur upp hinn geometriski ramma í verkinu „Náttkempa“ (no. 19) 1974.


Hér leggur listakonan áherslu á efniskennd vefsins og brýtur sjálfan dúk-

Myndlist


GUNNAR KVARAN



No. 19. Náttkempa, 1974. Ull (indigólítuð) og hrosshár.



No. 22. Ís og eldur, 1975–76. Ull (krapplítuð) og hrosshár.



No. 37. Bláin, 1981. Ull (indigólítuð) og hrosshár.

sjálfri myndbyggingunni. Hér leggur listakonan hrosshársferhyrning á flötinn, þar sem flæði-formin hafa misst sína hægu löngu hreyfingu. Listakonan hefur klippt flæðið og síðan endurraðað renningunum upp á óreglulegan hátt. Þannig hefur hún bútað niður hreyfinguna, sem fær í sömu mund svipmót sundurgreinds kúbisma og algera flatarverkun. Þessum fleti teflir hún síðan í miklu jafnvægi gegn þrívidd hrosshársins. Ásgerði hefur tekist að vinna úr þeim möguleikum sem efni hennar býður upp á.


Náttúra = litur

Í þessum nýju formrannsóknum fer lítið fyrir beinni náttúruskírskotun. Verkin eru abstrakt en liturinn hefur gjarnan táknræna sögn. Þá getum við einnig sagt að hið innra rauða eða bláa flæði umvafið kunnuglegum nöfnum gefi óneitanlega í skyn nálægð listakonunnar við náttúru landsins.

Skipulag

Auðvitað eru 38 verk aðeins brot af næstum 40 ára ferli listakonunnar. Það er því góð hugmynd að nota slætur til að víkka yfirlit sýningarinnar. Stjórn Listasafns alþýðu á skilið gott klapp fyrir þessa nýjung í safnamálum, sem sýnir glögg að það er að vaxa nýr skilningur á eðli safna.

Gunnar B. Kvaran.



No. 3. Vefnaður, 1962. Ull.

Ljós. DB: Bj. Bj. og Kristján Örn.